

Ályktun um kjara- og atvinnumál fyrir 6. þing SGS

Atvinnuleysi er í sögulegu lágmarki og atvinnulíf á Íslandi í meiri uppsveiflu en áður hefur sést. Miklar breytingar hafa orðið með tilkomu ferðaþjónustunnar sem grundvallar atvinnugreinar. Þessar breytingar hafa í för með sér nýjar áskoranir fyrir vinnandi fólk og aðila vinnumarkaðarins þar sem atvinnulífið byggir að auknu leyti á mannaflsfrekri þjónustu þar sem ekki er krafist sérstakrar menntunar starfsfólks. Stjórnendur fyrirtækja hafa oft og tíðum lítinn skilning og þekkingu á lögum og kjarasamningum.

Í slíku árferði er mun mikilvægara en oft áður að stéttarfélög séu sterk, sinni vel eftirliti með vinnustöðum og búi yfir möguleikum til að veita fjölbreyttum hópum góða þjónustu. Í því sambandi er mikilvægt að efla samstarf aðila vinnumarkaðarins og opinberra stofnana meðal annars á sviði vinnustaðaeftirlits. Heilbrigður vinnumarkaður felur í sér að kjarasamningar séu virtir, aðbúnaður starfsfólks sé eins og best verður á kosið, möguleikar til fræðslu, menntunar og starfsþróunar séu fyrir hendi og álag og vinnutími sé viðunandi. Þá þurfa grunnlaun að vera þannig að hægt sé að framfleyta sér á þeim og vinnandi fólki umbunað fyrir starfsaldur og reynslu. Á þetta skortir töluvert á vinnumarkaði í dag.

Almennu launafólki er gróflega misboðið vegna þeirra miklu hækkana sem Kjararáð hefur úthlutað æðstu embættismönnum þjóðarinnar og kjörnum fulltrúum á sama tíma og skattar hafa hækkað hlutfallslega mest á lægst launaða fólkinu. Úrskurðir kjararáðs veita allt að tífalt hærri krónutöluhækkun til skjólstæðinga sinna en almennt launafólk hefur borið úr bótum á gildistíma kjarasamninga. Vinnubrögð sem þessi kalla á upplausn á íslenskum vinnumarkaði.

Eyða verður launamuni kynjanna sem enn er við lýði hér á landi og birtist meðal annars í mjög kynskiptum vinnumarkaði, þar sem störf kvenna eru ekki metin til jafns við störf karla.

Eftirlit með vinnumarkaðnum þarf að vera þannig að hægt sé að afla allra nauðsynlegra gagna til að tryggja að farið sé eftir lögum og kjarasamningum og hagsmunir launafólks séu ávallt í fyrirrúmi. Ekki er síður mikilvægt að hægt sé að bregðast hratt og örugglega við ef misbrestur er á slíku.

Lífeyrisréttindi launafólks hafa tekið töluverðum breytingum í undangengum samningum með hækkun mótframlags atvinnurekenda. Brýnt er að launafólk sé vel upplýst um aukin réttindi og hvað er fólgið í þeim. Þing SGS beinir því til Alþýðusambands Íslands að boða til ráðstefnu og bæta upplýsingar til launafólks um stöðu lífeyrismála.

6. þing Starfsgreinasambands Íslands haldið á Selfossi 11. – 12. október 2017 krefst þess:

- Að atvinnuleysisbætur verði leiðréttar og fylgi framvegis hækkun lágmarkslauna.
- Að grunnlaun dugi fyrir framfærslu.
- Að taxtakertið verði endurreist í kjarasamningum þannig að fólk njóti umbunar fyrir starfsaldur, hæfni, þekkingu og reynslu.
- Að eftirlit á vinnumarkaði verði stóreflt í nánu samstarfi stéttarfélaganna, Vinnueftirlitsins, Vinnumálastofnunar, lögreglu og Ríkisskattstjóra.
- Að fræðsla til þeirra sem hefja störf á vinnumarkaði verði stórefld, þá sérstaklega erlendra starfsmanna og ungs fólks.

- Að keðjuábyrgð verði innleidd fyrir allan vinnumarkaðinn.
- Að stjórnendur fyrirtækja sem ítrekað og af ásetningu fara ekki eftir kjarasamningum og lögum sæti refsingu.
- Að kynbundnum launamuni verði þegar í stað útrýmt með því að meta kvenna- og karlastörf til jafns.
- Að ákvarðanir kjararáðs síðustu tveggja ára verði endurskoðaðar og miðað verði við hækkanir á almennum vinnumarkaði.
- Að settur verði lagarammi um tilgreinda séreign.